



Umhverfis- og skipulagssvið
Höfðatorg - Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Leirtjörn - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 7. júlí 2022 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 30. júní 2022, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 29. júní 2022 á kynningu á lýsingu að deiliskipulagi við Leirtjörn í Úlfarsárdal, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Alla hópa samfélagsins þarf að hafa í huga þegar kemur að húsnæðisuppbyggingu. Hættan hér er sú eins og víða annars staðar að fáir eignamiklir aðilar fari fremst í röðina og safni íbúðum. Ástæðan er sú að það er ekkert hér sem kemur í veg fyrir þessa þróun. Það eykur á stéttaskiptinguna. Á meðan borgin setur fjárfestum og eignaaðilum engar skorður varðandi húsnæðis kaup, að þá er ekki við því að búast að þessi þróun hætti hér.

Helga Björk Laxdal
e.u.